

# ÞÆTTIR ÚR SÖGU ÍS- LENSKRAR HÖNNUNAR

MÓT, íslensk hönnunar-  
sýning, verður haldin á  
Kjarvalsstöðum 14. októ-  
ber til 12. nóvember.  
Sýningin er skipulögð af  
FORM ÍSLAND, samtök-  
um hönnuða, og er liður í  
Reykjavík – menningar-  
borg Evrópu árið 2000.  
Samstarfsaðilar FORM  
ÍSLAND eru Listasafn  
Reykjavíkur, Kjarvalsstað-  
ir og nýstofnað Hönnun-  
arsafn. Af þessu tilefni  
stiklar GUÐMUNDUR  
ODDUR MAGNÚSSON  
á þáttum úr sögu íslenskr-  
ar hönnunar.

Það er sagt að í spegilmynd nú-  
tíðar mætist fortíð og framtíð.  
Sagan hefur augu sín á bak við  
sig. Hún geymir það sem hefur  
verið mótað. Að þeir sem þekki  
hana öðlist spádómsgáfu. Það er  
algeng venja að miða hluti úr  
sögunni við tímabil, sem skipt-  
ast um tiltekin ártöl. Af þessu vill leiða að  
menn sjá stundum söguna alla sundurklippta.  
Við tölum um popp og póstmóðernisma, end-  
urreisn, barokk, rómantik og móðernisma til  
dæmis.

Tiltölulega snögg umskipti geta vitanlega  
orðið á einstökum sviðum og eftir þeim skipta  
sagnfræðingar sögunni í tímabil sér til hægð-  
arauka. En yfirleitt gerast tímamótin eða  
aldahvörfin ekki í einu veffangi, heldur á löng-  
um tíma og svo hæglátlega, að tímamóta-  
mennirnir verða þess naumast varir. Íslenskt  
samfélag tók miklum stakkaskiptum á tuttug-  
ustu öldinni. Úr bæ í borg.

En það er fleira sem bindur tímabil sögunnar  
saman en aðskilur þau.

Prátt fyrir nýjan tíma, ný verkfæri og  
tækni, þá er þetta oftast sami teketillinn, sama  
hjólið, sömu tákinn en í nýjum búningi. Hönn-  
uðir sem standa andspænis hinu ómótaða  
verða að horfa fram – búa til ný mót – en ein-  
ig að hafa augu í hnakkanum. Bæði til þess að  
enduruppgeftva það sem gleymt er og til þess  
að móta nýjan tíma eða að minnsta kosti að  
spjela hann því það er auðvitað spurning  
hvort tíminn móti manninn eða maðurinn móti  
tímann eða hvort maðurinn og tíminn mætist  
á miðri leið – í spegilmyndinni. Fyrir utan  
spurninguna hvort hægt sé að vera á undan  
sínunum tíma. Mótunin sem ferill, frá hugmynd  
til framkvæmdar, framleiðslu og markaðs-  
setningar er kölluð hönnun. Hugmyndirnar  
geta orðið til vegna þarfa eða vöntunar en líka  
vegna einskærrar sköpunargleði og þrárinnar  
eftir margbreytileikanum og nýbreytninni.  
Þótt sköpunarstarfsemi mannsins sé jafngöml-  
ul honum sjálfum hangir hönnun sem ferill  
saman við iðnaðar- og markaðssamfélag. Á  
tuttugustu öld varð til iðnaðar- og markaðs-  
samfélag á Íslandi. En er til íslensk hönnun?

## Erfitt verkefni

Sá sem stendur frammi fyrir því verkefni að  
útbúa spegilmynd af íslenskri hönnun á fyrir  
höndum erfitt verkefni. Fleiri og fleiri spurn-



Reykjavíkur Apótek, innrétting lyfjabúðar (stendur enn að hluta) 1928-30, Sigurður Guðmundsson arkitekt.

Ljósmynd/Pétur Sörensson



As.t.ro, hönnunarhugmynd, Austurstræti 22, Reykjavík.

Ljósmynd/Ari Magnússon

ingar vakna og færri verður um svör. Í fyrsta  
lagi, er hönnun eitthvað sem hægt er að  
tengja við ákveðið landsvæði? Eða er hönnun  
tengd einstaklingum af ákveðnum  
landfræðilegum uppruna? Jú það  
væri hægt að tengja Ísland við  
hönnun ef iðnaðarframleiðsla færi  
fram í einhverjum mæli. Við tölum hik-  
laust um danska hönnun, um ítalska  
hönnun, en ef á að fara ræða um ís-  
lenska hönnun í alvöru þá er  
staldrað við og allir verða hik-  
andi. Íslenskur iðnaður er mjög ungur og  
hönnun og iðnaður fara saman.

Við eigum menntaða hönnuði sem  
bæði hafa lært í Danmörku og á Ítalíu og  
eiginlega alls staðar þar sem hönnun er  
kennð. En við erum varla byrjuð að mennta  
okkar eigin hönnuði. Okkar litla samfélag get-  
ur hæglega lokað dyrum sínum fyrir því, sem  
er krefjandi og líklega of ögrandi fyrir ein-  
hverja, sem óttast breytingar eða nýja mæli-  
kvarða. Nýsköpun er áhætta. Þótt hönnuður  
sem einstaklingur sé af íslensku bergi brotinn

og hafi ríka innri þörf til nýsköpunar og fram-  
kvæmda, vel menntaður í Danmörku eða á  
Ítalíu, þá er annað að hafa hugrekki og getu,  
aðstæður – iðnað og markað – og loks að búa  
yfir þeirri þrautseigju að gefast ekki upp, þótt  
skilningurinn sé minni og viðtök-  
urnar dræmari en maður jafnvel  
vænti.

Þegar bregða á upp myndbrotum úr  
íslenskri hönnunarsögu er hægt að  
fara margar leiðir. Það er  
hægt að sýna dæmi um  
metnaðarfulla íslenska

hönnuði sem mættu andbyr, en komu hug-  
myndum sínum í verk þótt lítið yrði um fram-  
leiðslu. Það er hægt að sýna það sem iðnaður-  
inn er að gera í dag – íslenskan veruleika  
burtséð frá því hvort hann standist saman-  
burð við ströngustu kröfur um góða hönnun  
eður ei. Það er hægt að sýna það sem frum-  
herjar í þessum hugsunarhætti reyndu.  
Reyndu að opna dyr fyrir því sem var nýtt og  
ögrandi á sínum tíma en féll kannski í grýtta  
jörð. Það er hægt að sýna þetta allt saman í

einni kös og skilja áhorfandann eftir með  
stóru spurningarnar: Hvað höfum við gert? –  
Hvar stöndum við og hvert erum við að fara?

Á sjöunda áratugnum störfuðu þeir Man-  
fred Vilhjálmsson arkitekt og fjöllistamaður-  
inn Dieter Roth að ýmsum verkefnum sem  
tengdust hönnun bygginga, innréttinga og  
húsgagna. Að því er Manfred hefur sagt hafði  
Dieter sérstakt lag á að finna snjallar lausnir  
á tilteknum vandamálum, gjarnan með nýt-  
ingu hversdagslegustu hluta eða efniviðar.  
Þessi kollur fyrir veitingahúsið Tónabæ (sjá  
næstu síðu) er gott dæmi um slíka úrlausn,  
þar sem slitgóð, mjúk og litrík plastbauja er  
notuð sem sessa fyrir unglíngana sem eru að  
skemmta sér.

## Frumherjarnir

Á fyrsta áratug tuttugustu aldar báru ís-  
lenskir húsgagnasmíðir sem lært höfðu er-  
lendis, einkum í Danmörku og Þýskalandi,  
með sér þekkingu til landsins á vandaðri húsg-  
agnasmíði, útskurði og innlögnum.

Nokkrir þeirra stofnuðu árið 1905 verk-